

Leikskólinn Marbakki



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2026 – 2027**

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	3
2.	Inngangur	3
3.	Skólastarfið/Leiðarljós.....	4
4.	Mat á skólastarfi.....	4
	Innra mat leikskólans.....	4
	Ytra mat.....	7
5.	Umbótaáætlun	8
6.	Áherslur í starfi leikskólans.....	8
7.	Þróunar- og nýbreytnistarf.....	9
8.	Foreldrasamstarf	9
	Foreldraráð.....	9
	Foreldrafélag	9
10.	Símenntunaráætlun	10
	Skipulagsdagar og skráningadagar	10
11.	Aðrar upplýsingar	11
12.	Húsnæði og lóð.....	11
	Skólaárið 2025 - 2026	11
	Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027.....	11
13.	Öryggismál.....	11
14.	Lokaorð.....	11
15.	Fylgigögn	12
	Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	12
	Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	16
	Fylgiskjal 3 - Skóladagatal.....	17
	Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	18

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, Menntastefnu Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólaárið 2025-2026. Haustið fór ágætlega af stað. Aðlögun gekk vel og var að mestu lokið í september. Starfsmannahald var nokkuð gott á skólaárinu, nýr deildastjóri á deildinni Læk tók til starfa og tveir leikskólakennarar til viðbótar hófu störf í Marbakka á haustönninni. Tveir kennarar voru í veikindaleyfi og einn fór í fæðingarorlof. Ráða þurfti tvo skammtíma starfsmenn á meðan beðið var eftir leikskólakennurunum en eftir áramót hefur verið stöðugleiki í starfsmannahópnum.

Vinnu við málstefnu Marbakka lauk á skólaárinu og unnið hefur verið að læsisstefnu skólans í framhaldi af þeirri vinnu. Báðar stefnurnar voru gefnar út nú á vorönn. Áfallaáætlun Marbakka var uppfærð og endurútgefin nú í maí.

Áfram var unnið að innleiðingu farsældarlaganna, sérkennslustjórinn er tengiliður Marbakka. Áhersla hefur verið á raddir barna í farsældinni á þessu skólaári, fræðslu til deildastjóra og alls starfsfólks.

Samhliða vinnu við mál- og læsisstefnu Marbakka hefur verið unnið markvisst að því að efla starfsmannahópinn til að mæta þörfum allra nemenda til að ná góðum tókum á tungumálinu. Annar leikskólakennarinn sem kom til starfa á haustönninni var ráðinn sem sérgreinastjóri til að stuðla að því að efla íslenskukunnáttu nemenda. Sérstök áhersla hefur verið á að efla börn með íslensku sem annað tungumál, höfum við veitt þeim auknar málörvunarstundir, nýtt hæfniramma í íslensku og ýtt undir að allsstaðar sé töluð íslenska innan um börnin og þau hvött til þess að nota leikskólamálið (íslensku) sín á milli.

Í haust 2025 hófum við í Marbakka þátttöku í Nordplus verkefni með skólum í Litháen og Noregi. Við hittum samstarfsskólana okkar hér á Íslandi í október. Fyrri daginn voru kynningar á skólunum í sal á Hótel Granda sem og vinna að verkefnum. Seinni daginn tókum við á móti þeim hér í skólanum og kynntum þau fyrir starfinu okkar og útistöðvum sem eru hluti að útinámi okkar. Í upphafi töldum við verkefnið snúast um útinám en við upplifðum annað í þessari vinnu. Einnig fundum við fyrir litlum áhuga frá þeim sem stjórnuðu verkefninu á að við værum að hafa áhrif, hvorki á verkefnið eða heimsóknina til Íslands. Í vetur höfum við svo áfram upplifað lítið samráð og óskýr svör. Þegar leið að næstu heimsókn sem átti að vera til Noregs í maí þá upplifði norskir samstarfsskólinn slíkt hið sama. Út frá samráði okkar og norska skólans var ákveðið að segja okkur frá verkefninu þar sem upplifunin var sú að ekki væri allt með felldu í kringum samskiptin og meðferð fjármagns verkefnisins. Því er þessu verkefni lokið af okkar hálfu án niðurstöðu.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn og er leitast við því að hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Marbakki starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia þar sem lögð er áhersla á lýðræði, sköpun og námshvetjandi umhverfi. Litið er á börnin sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga sem hafa rödd og áhrif á eigið líf.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Marbakka eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks.

Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir og gagnaöflun höfð fjölbreytt. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans. Má þar nefna viðhorfskönnun meðal starfsmanna, markvissar umræður starfsfólks um starfið, viðhorfskönnun meðal foreldra, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og viðhorfskönnun meðal elstu barna leikskólans. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsdögum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans í sjálfsmatsskýrslu.

Matsþættir	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029	2029 - 2030
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Innra mat 2025 – 2026

Matsþættir	2025-2026	
Stjórnun		
Faglegt samstarf	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra. Endurskoðun áfallaáætlunar og gerð máls- og læsisstefnu allir starfmenn á skipulagsdögum og í nefndum.
Uppeldis- og menntastarf		
Skipulag náms og námsaðstæður	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna, endurmat deilda vor 26 og mat á deildarstjórafundum og deildarfundum.
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, á deildarfundum, lausnarþeymisfundum og fundum sérkennsluteymisins.
Námssvið leikskólans	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, endurmat deilda vor 26, lausnarþeymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Leikskóli margbreytileikans	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnarþeymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Mat á námi og velferð barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, deildarfundir, lausnarþeymisfundir og fundir sérkennsluteymisins.
Mannauður		
Hlutverk leikskólakennara	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Fagmennska starfsfólks	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Starfsánægja	x	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna og Viðhorfskönnun meðal foreldra
Leikskólabragur		
Velferð og líðan barna	x	Viðhorfskönnun meðal foreldra, viðhorfskönnun meðal barna fædd 2020, endurmatsfundur með foreldraráði og stjórn foreldrafélagsins og foreldraviðtöl
Innra mat		
Skipulag og viðfangsefni	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.
Opinber birting og umræður	x	Borið saman við kröfur sem koma fram í reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingarskyldu.

Starfsfólk deilda fór yfir matslista sem leikskólar Kópavogs nota til að meta námsviðið „Læsi og samskipti“. Niðurstöður voru misjafnar eftir deildum og setti starfsfólkið umbótaverkefni fyrir deildina þar sem þörf var á og munu þau verkefni verða nýtt til uppbyggingar á starfinu næsta skólaár. Fram kom í þessum matslistum hjá nokkrum deildum að það vantaði uppá að börnin sýndu náttúrunni virðingu og verður það meðal annars umbótaverkefni næsta skólaárs að auka virðingu barna fyrir náttúrunni.

Á skipulagsdegi í maí var rætt við starfsfólk í tveimur rýnihópum, annarsvegar þeir sem eiga kjarasamningsbundinn undirbúningstíma og hins vegar þeir sem ekki eiga hann. Í þessum

rýnihópum voru sömu spurningar hafðar til hliðsjónar og helstu niðurstöður þessara hópa eru að festa þurfi deildarfundir í skipulag, að þeir verði haldnir á hálfsmánaðar fresti á hverri deild. Deildarfundirnir munu nýtast til að styðja við aukna teymisvinnu innan deilda, virkja starfsfólk til þátttöku í umræðum um starfið, efla samvinnu og samhæfa vinnubrögð. Einnig kom fram að ekki hafði tekist að koma öllum sem ekki eiga kjarasamningsbundinn undirbúning í klukkutíma undirbúning á viku og mun það verða sett í skipulag á næsta skólaári.

Viðhorfsskönnun meðal barna fæddum 2020 fór fram í lok maí. Börnin í þessum árgangi eru nítján og svöruðu þau þau flest spurningunum sem lagðar voru fyrir. Niðurstöður könnunarinnar eru þær að börnunum líkar oftast vel við matinn í Marbakka, þeim líður oftast vel í hinum ýmsu stundum daglegs starfs. Félagsfærni, vinátta og inngilding allra barna í barnahópin er þáttur sem þarfnast stöðugar umræðu og fræðslu til starfsfólks og kom það fram í könnuninni á meðal barnanna að betur má ef duga skal.

Öll börn í Marbakka eru skimuð með EFI og Hljóm-2. Ef niðurstöður sýna frávik þá eru foreldrar upplýstir og unnið með barninu til að efla það. Í endurmati sérkennslunnar sem sérkennslustjóri tók saman kom fram að staða sérkennslunnar og innleiðing farsældarlaga er metin góð en það á eftir að gera úrræðalista fyrir þjónustu á fyrsta stigi en það er þjónusta sem leikskólinn veitir.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð áhersla á heilbrigði og vellíðan í innra mati.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknunum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Viðhorfsskönnun meðal foreldra var gerð í febrúar 2026 á vegum Skólapúlsins og viðhorfsskönnun meðal starfsfólks Kópavogs á vegum Prósents var gerð í mars 2026.

Samantekt á niðurstöðum kannana og eftirlits koma hér. Umbóta getið í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

- Vinnustaðagreining meðal starfsfólks vor 2026. Niðurstöður gáfu góða mynd þar sem þátttaka var góð. Starfsánægja, gott samstarf, jákvæð samskipti og skuldbinding fengu meðal annars jákvæða niðurstöðu. Helstu umbætur verða að minnka álag og streitu meðal starfsfólks.
- Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2026. Svarhlutfall var 90,5% sem gefur marktæka mynd af viðhorfum foreldra. Könnunin staðfestir sterkt faglegt starf en umbótatækifæri í samskiptum, ferlum og upplýsingamiðlun.
- Heilbrigðiseftirlit. Í október 2025 var reglubundið eftirlit gert á lóð Marbakka og kom þar fram að ýmsar umbætur þyrftu að eiga sér stað. Tekið var tillit til þessara atriða og bætt úr og/eða úrbætur settar í vinnslu.

- Vinnueftirlitið hefur ekki tekið út skólann liðið skólaár en öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður yfirfarið Vinnuvísa og komu allir þættir þar vel út.
- Eldvarnareftirlit. Húsvörður leikskóla Kópavogs hefur séð um reglulegt eldvarnareftirlit.
- Öryggiseftirlit lóða. Starfsfólk leikskólans hefur yfirfarið leikskólalóðina reglulega og heilbrigðiseftirlitið kom í október 2025 eins og sjá má að ofan.

Skólaárið 2026 - 2027 verður lögð fyrir könnun meðal starfsfólks á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Marbakka er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið. Námskrá Marbakka byggir meðal annars á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum og fléttast þau markmið inn í allt starf með nemendum skólans. Marbakki er ekki réttindaskóli Unicef og hefur það verkefni/ferli ekki verið sett á dagskrá.
- Verkefnið „Okkar skóli“ hefur verið unnið á hverju ári frá því það hófst árið 2022. Í Marbakka hafa verið haldnar lýðræðislegar kosningar og mun því verða haldið áfram. Síðustu tvö ár hafa tveir elstu árgangar skólans kosið um leikefni til að nýta fjármagnið í. Áætlað er að svo verði áfram. Leitað er eftir hugmyndum barnanna á því sem vantar í leikskólann og svo eru haldnar kosningar þar sem þau framvísa nafnspjaldi sem þau hafa útbúið, fara inn í kjörklefa með kjörseðil þar sem þau merkja við þann hlut sem þau kjósa helst og svo eru atkvæðin talin. Á fagnaðarfundum eru svo úrslit kosninganna kynnt.
- Áherslur um heilsu og vellíðan. Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn og leitumst við til þess að hafa þau að leiðarljósi í starfi með börnunum. Meðal annars er tilgangur einkunnarorðanna að virkja og efla sjálfstæði barnanna, efla góða líðan, skapandi hugsun, tengsl og jákvæð samskipti. Í Marbakka hefur alla tíð verið góð menning í kringum útveru sem hefur ýtt undir heilnæma hreyfingu og leik sem og trú á eigin getu. Allur matur er eldaður í skólanum og eru matseðlarnir í samræmi næringarstefnu leikskóla Kópavogsbæjar. Unnið verður áfram með þessum hætti þar sem heilsa og vellíðan barnanna er höfð í fyrirrúmi.
- Læsisstefna Marbakka var gefin út í júní 2026.
- Málstefna Marbakka var gefin út á vorönn 2026.
- Skólaárið 2024-2025 var unnið markvisst með nýjar árherslur í aðalnámskrá leikskóla. Fagfundir og skipulagsdagar voru nýttir til að ræða og ígrunda með öllu starfsfólki Marbakka. Einnig voru þessir þættir skoðaðir og nýttir í vinnu við endurskoðun skólanámskrár Marbakka sem var gefin út og samþykkt í október 2024 og svo samþykkt aftur af leikskólanefnd í samræmi við ný viðmið í apríl 2026.

- Hæfnirammar í íslensku hafa verið nýttir hér í Marbakka en festa verður þá vinnu betur í sessi.
- Handbók um móttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur ekki verið markvisst notuð en það hefur verið ákveðið að nýta hana í móttöku barna haustið 2026.
- Markvisst hefur verið unnið með innleiðingu farsældarlagana og hefur allt starfsfólk fengið upplýsingar um hvað felst í þeim. Haldið verður áfram að hafa fræðslu og upplýsingamiðlun um farsældarlögin fyrir starfsfólk svo að vitneskjan falli ekki niður.
- Lausnateymi Marbakka er skipað leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra og fundar teymið í hádeginu á mánudögum. Ef mál koma upp þá er kallað í þann deildastjóra/starfsmann sem kemur málinu við. Þörf er á að efla deildastjóra og starfsfólk til að koma með formleg efni inn í teymið, skrá þau á formlegan hátt svo teymið geti tekið þau fyrir. Við munum halda áfram að hvetja deildastjóra til að fylla út eyðublað um aðkomu lausnateymisins til að mál fari í öruggan farveg.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Marbakki er að hefja ferli í að sækja um Nord+ verkefni. Ætlunin er að Marbakki sjái um verkefnið sem mun hverfast um tungumál sem eiga undir högg að sækja, er ógnað. Komin eru tengsl við kennara í Færeyjum og fara tveir kennarar frá Marbakka til Færeyja í september til hefja umsóknarferlið um verkefnið.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáaraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Sjá má starfsreglur og fundargerðir á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð Marbakka er það skipað sex fulltrúum: Andrea Gestsdóttir, Anna Guðný Hallgrímsdóttir, Birna Kristinsdóttir, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, Eydís Inga Valsdóttir, Hrafnhildur Aradóttir. Að hausti er sendur tölvupóstur á foreldra þar sem óskað er eftir fulltrúum í foreldraráð. Þegar framboðin hafa komið fram er tilkynnt á heimasíðu Marbakka hverjir sitja í ráðinu.

Foreldrafélag

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð níu fulltrúum: Arna Sif Pálsdóttir, Axel Aage Schiöth, Brynja Magnúsdóttir, Jóhanna Erla Birgisdóttir, Jón Axel Svavarsson, Rakel Sara Höskuldsdóttir, Sierra Marie Lelii, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurbjörg Mía Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks er Anna Ragna Arnardóttir.

Stjórn foreldrafélagsins tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða sem haldnir eru í leikskólanum. Að hausti sendi ritari tölvupóst til foreldra með upplýsingum um foreldrafélagið, hvað felst í að vera í stjórn félagsins og óskaði eftir fulltrúum. Líklega verður svipaður háttur hafður á næsta haust.

Upplýsingar um foreldrafélagið og stjórn þess eru settar á heimasíðu Marbakka.

9. Starfsfólk

Í Marbakka er gert ráð fyrir 16,52 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi. Að auki er 3,38 starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Síðasta starfsár voru 28,16 stöðugildi, en þar af 3 stöðugildi vegna sérkennslu. Leikskólaárið 2026 - 2027 munu starfa í Marbakka auk stjórnenda, 4 leikskólakennarar með deildarstjórn, 1 deildastjóri með aðra háskólamenntun en í meistaranámi við HÍ, 6 leikskólakennarar, sérkennslustjóri sem er leikskólakennari, 5 háskólamenntað starfsfólk (1 þroskaþjálfari, 1 með ritlist og kvikmyndafræði, 1 með stærðfræðikennaramenntun, 1 með bókmenntafræði og 1 með sálfræði) og 8 leiðbeinendur.

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum í hópi starfsfólks næsta skólaár. Einn deildastjóri hefur sagt starfi sínu lausu en mun halda áfram að starfa í Marbakka. Búið er að ráða í stöðuna og er það leikskólakennari sem hefur verið starfandi í skólanum. Einn leiðbeinandi er að hefja nám í leikskólakennarafræðum í HA.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar og skráningadagar

1. Fimmtudaginn 1. október.
2. Miðvikudaginn 11. nóvember.
3. Mánudaginn 4. janúar.
4. Þriðjudaginn 9. mars.
5. Föstudaginn 7. maí.

Á skipulagsdögum er unnið að skipulagi starfsins, endurmenntun starfsfólks og endurmati á starfinu. Ásamt endurmenntun á skipulagsdögum er starfsfólk hvatt til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði til að efla sig í starfi.

Eftirfarandi dagar eru skráningadagar. Á skráningadögum eru alltaf einhverjir leikskólar opnir fyrir þau börn sem skráð eru í vistun og sinnir starfsfólk frá Marbakka þeim börnum.

Vetrarfrí:

- 22. og 23. október 2026
- 22. og 23. febrúar 2027

Jólafrí:

- 28. 29. og 30. desember 2026

Páskafrí:

- 22. 23. og 24. mars 2027

11. Aðrar upplýsingar

Gert er ráð fyrir að börnin verði 94 – 97 skólaárið 2026-2027. Fjöldinn ræðst af fjölda yngri barna sem hefja vistun haustið 2026 sem og fatlaðs barns sem er með plássfrek hjálpartæki. Búið er að fylla í 93 pláss þegar þessi starfsáætlun er gerð.

Fjöldi barna eftir árgangi er eftirfarandi: 15 börn fædd 2021, 17 börn fædd 2022, 17 börn fædd 2023, 24 börn fædd 2024 og 20 börn fædd 2025.

Af 94 nemendum eru 22 börn tvítyngd/þrítyngd.

Þegar þessi starfsáætlun er gerð eru dvalartímar barnanna ekki komnir á hreint.

Óskað verður eftir að fá úthlutaða 14 tíma í sérkennslu fyrir skólaárið 2026-2027.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2025 - 2026

Lokið var við að skipta um öll loftljós í skólanum, sett led lýsing. Klárað var að útbúa listarými á deildinni Ósi þar sem áður hafði verið salerni barnanna.

Í febrúar 2026 hófst vinna við að endurhanna lóð Marbakka þar sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildastjóri og fulltrúi foreldra sátu í nefnd með garðyrkjustjóra og arkitekt lóðarinnar. Byrjað verður að endurnýja leikskólalóðina sumarið 2026 og verður því svo haldið áfram sumarið 2027.

Ósk um viðhald skólaárið 2026 – 2027

Áfram er óskað eftir því að rafmagnsstokkur á skrifstofu sérkennslustjóra verði færður og herbergið málað en eftir þessari framkvæmd hefur verið beðið í fjögur ár. Einnig er áfram óskað eftir breytingum á undirbúningsherbergi kennara en þar þarf að færa til skápa og setja upp ný vinnuborð.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Öryggisnefnd: Þar sem vinnustaðurinn Marbakki er með færri en 50 starfsmenn er ekki þörf á öryggisnefnd.

Öryggistrúnaðarmaður: Sigurlína Hauksdóttir

Öryggisvörður: Steinunn Jónsdóttir

Áfallaráð: Alda Agnes Sveinsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Unnur Ólöf Gunnarsdóttir

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Sjóvá.

Skólaárið 2025 - 2026 voru sex slys á börnum og eitt slys á starfsmanni skráð í gegnum forritið Atvik. Allt voru þetta minniháttar slys á börnunum og urðu þau á mismunandi stöðum í leikskólanum. Starfsmaðurinn féll í hálku á leið í vinnu og varð óhappið fyrir utan leikskólalóðina.

14. Lokaorð

Leikskólastarf í Marbakka byggir á traustum grunni og hefur starfsfólk skólans ávallt unnið með starfsaðferðir Reggio Emilia að leiðarljósi. Áfram verður unnið í þeim anda þar sem sjálfstæði einstaklinga, lýðræði, sköpun og gleði eru hornsteinarnir. Á næsta skólaári munum við í Marbakka halda áfram að leggja áherslu á að efla málþroska barna og hafa íslenskuna í hávegum.

Við viljum auka færni starfsfólks til að styðja við börnin í félagslegum samskiptum í fjölbreyttum hópi. Við viljum auka virðingu barna og starfsfólks fyrir náttúrunni og mun umræða um þann þátt verða strax á haustönn. Teymisvinna kennara er mikilvægur þáttur í skólastarfi og munum við vinna að því að styrkja hana með fræðslu og reglulegum deildafundum. Fagfundir munu halda áfram þar sem allt starfsfólk tekur þátt með því að lesa sér til um og ræða fagleg málefni. Nú þegar er búið að ákveða að hafa fræðslu/lesefni um inngildingu og vináttu barna sem og um tilgang og gæði vettvangsferða. Unnið verður að því að finna leiðir til að minnka vinnuálag og streitu meðal starfsfólks og ætla stjórnendur að afla sér aukinnar þekkingar á hvernig það er hægt.

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

- Leggja áherslu á að börn sem færast á milli deilda í leikskólanum og foreldrar þeirra nái tengslum strax í upphafi skólaárs við starfsfólk nýju deildarinnar.

Leið 1: Deildarstjórar gefa sig á tal við foreldra allra nýju barnanna fyrir lok ágúst. Ef þeir hafa ekki náð tali af öllum þeim foreldrum fyrir þann tíma í fataherbergi eða á deildinni, skalt hringt í þá, kynna sig og veita þeim upplýsingar um sig, starfsfólkið á deildinni, með hvaða hætti og á hvaða tímum er best á hafa samband við deildarstjóra ef eitthvað kemur uppá.

Tími: Fyrir 1.sept. 2026

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert þegar farið verður yfir umbótalistann í maí 2027.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem tekur við barni.

Leið 2: Foreldrum er sýnd deildin sem barnið er að flytjast á og þeir kynntir fyrir deildarstjóra og eða starfsfólki deilda eins og hægt er. Þetta er gert fyrir sumarlokun.

Tími: fyrir 7. júlí 2026.

Mat: Spurt verður um þetta í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028. Athuga hjá deildarstjórum hvort þetta var gert eða ekki gert á deildarstjórafundum í september.

Ábyrgð: Deildarstjórar á deildinni sem barnið flytst af.

- Bæta upplýsingagjöf til nýrra foreldra að hausti um starfsaðferðir leikskólans og farsældina.

Leiðir: Allir nýir foreldrar fá stuttan kynningarfund með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra á aðlögunartímanum t.d. á 3ja degi aðlögunar. Þeir eru saman á fundi sem eru samtímis í aðlögun.

Tími: Á aðlögunartíma barnsins.

Mat: Spurt um aðlögun í viðhorfskönnun foreldra í mars 2028.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Auka færni starfsfólks til að styðja við uppbyggileg félagsleg samskipti í barnahópnum þannig að öll börn læri umburðarlyndi og færni að vera í samskiptum við fjölbreyttan hóp barna.

Leiðir: 1. október á skipulagsdegi verði fengin utanaðkomandi aðili með fræðslu fyrir starfsfólk sem er til þess að draga úr félagslegum átökum og stuðla að því að sem flestir geti leikið við flesta. Námskeið sem kemur inn á tengsl og tilfinningargreind

Tími: 1. október 2026

Mat: Deildarstjórar á aldursblönduðu deildunum meta í janúar á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar hvernig þeim hefur tekist að styðja við góð félagsleg samskipti allra barnanna á deildinni. Aftur metið á deildarfundum í apríl lok eða byrjun maí.

Ábyrgð: Leikskólastjóri og deildarstjórar.

- Festa alla viðburði skólaársins sem foreldrar geta tekið þátt í á ákveðnar dagsetningar í upphafi skólaárs.

Leiðir: Allar dagsetningar sem innihalda þátttöku foreldra hvort sem það eru allir foreldrar eða bara foreldrar elstu barnanna verða tilbúnar í byrjun skólaárs og settar inn í skóladagatalið.

Tími: Búið í lok júní 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

Ábyrgð: Leikskólastjóri.

- Verklag varðandi skjánotkun og neyslu sætmetis í Marbakka endurskoðað.

Leiðir: Farið verður yfir það verklag sem gert var 2022 varðandi skjánotkun og hvenær sætmeti er á boðstólum og það uppfært.

Tími: Ágúst 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

- Stuðla að frekari kynningu til foreldra á aldursblönduðu deildunum hvaða börn eru á deildunum og hverjir eru í kór elstu barnanna.

Leiðir: Breyta morgunkaffinu á deildum í september þannig að foreldrar kynnist betur. Tekin er hópmynd af kórnum í upphafi skólaárs sem send verður á foreldra barnanna til að þeir geti rætt við börnin hver heitir hvað og á hvorri deildinni þeir eru.

Tími: September 2026.

Mat: Þegar farið er yfir umbótalista að vori 2027, gert eða ekki gert.

- Námsgæðið „læsi og samskipti“

Leiðir: Unnið verður með þau umbótaverkefni sem starfsfólk deilda setti fram á matslistanum sjálfum og metið jöfnum höndum á deildarfundum. Að auki verður matslistinn vegna „heilbrigði og vellíðan“ hafður til hliðsjónar í starfinu frá hausti 2026 en það er það námsgæði sem meta á næsta skólaár.

Tími: Allt skólaárið 2026 til 2027

Ábyrgð: Deildarstjórar

Endurmat: Á deildarfundum

- Auka virðingu barnanna fyrir náttúrunni.

Leiðir: Starfsfólk ræðir við og vekur máls á náttúrunni og umgengni barnanna við hana. Ræðir við börnin um meðferð þeirra á trjáum, ormum, sniglum o.s.frv. Lögð sé áhersla á samtal um náttúruna í vettvangsferðum og þegar fylgst er með umgengni barnanna við smádyr og gróður í garði.

Tími: Á deildastjórafundum í september verður rætt um hvernig við viljum ræða um náttúruna við börnin og á skipulagsdegi í nóvember eigum við samtal við allt starfsfólk um þetta.

Tími: Allt skólaárið

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Á deildarfundum og deildarstjórafundum.

- Styrkja teymisvinnu á deildum.

Leiðir: Haldnir verði reglulegir deildarfundir á öllum deildum. Þeir festir í skipulag á hálfsmánaðarfresti og nýta deildarfundum til að styðja við teymisvinnu deilda. Fræðsla um teymisvinnu.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Skipulagt í september og fræðsla í nóvember á skipulagsdegi.

Endurmat: Spurt um teymisvinnu deilda í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027.

- Auka virka þátttöku alls starfsfólks í umræðum um starfið.

Leiðir: Festa deildarfundum hálfsmánaðarlega og nýta þá til að virkja allt starfsfólk til þátttöku í umræðum um starfið. Deildarstjórar leggja áherslu á teymisvinnu deilda.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar.

Tími: Búið sé að koma skipulagi á deildarfundum á hálfsmánaðar fresti þann 1. október 2026.

Endurmat: Farið yfir það í janúar á deildastjórafundum hvernig haustið hefur gengið hvað varðar deildarfundum og skipulagið endurbætt ef það þarf. Aftur farið yfir þetta á deildastjórafundum að vori og allt starfsfólk spurt að þessu í viðhorfsskönnun starfsfólks í maí 2027.

- Að allt starfsfólk fái undirbúningstíma óháð kjarafélagi.

Leiðir: Undirbúningstími starfsfólks sé vel skipulagður, tímaplan hvenær hver er í undirbúningi, klukkan hvað og hvernig er hann leystur mönnunarlega á deildum. Þeir sem ekki eiga undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi fá skipulagðan klukkutíma á viku.

Ábyrgð: Deildarstjórar og aðstoðarleikskólastjóri.

Tími: Komið í framkvæmd í byrjun nóvember 2026.

Endurmat: Rætt á deildarstjórafundum í janúar hvernig gengur með undirbúningstímana og endurskipulagt ef ekki gengur nógu vel.

- Unnið að minnka vinnuálag og streitu meðal starfsfólks.

Leiðir: Stjórnendur fái fræðslu um með hvaða hætti þeir geti minnkað vinnuálag og dregið úr streitu hjá starfsmönnum.

Tími: Á haustönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Endurmat: Spurt um þetta í viðhorfsskönnun meðal starfsfólks á vorönn 2027.

- Starfsfólk fræðist um félagsfærni og vináttu leikskólabarna til að stuða að betri félagslegri líðan og inngildingu allra barna.

Leiðir: Fræðsla um inngildingu og vináttu barna. Umræður og jafningjafræðsla um vináttu barna í fyrsta eða öðrum hring í faghópsumræðum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Tími: Haust 2026

Endurmat: Viðhorfsskönnun barna í maí/júní 2027 og í viðhorfsskönnun starfsfólks vor 2027

- Gerður verður úrræðalisti fyrir þjónustu farsældar á fyrsta stigi og hann hafður aðgengilegur starfsfólki og foreldrum.

Leiðir: Lausnateymi Marbakka vinnur í samvinnu að gerð úrræðalistans.

Tími: Búið 1. september 2026

Ábyrgð: Sérkennslustjóri

Umbótaverkefni önnur.

- Handbók um snemmtæka íhlutun verður endurskoðuð.

Leiðir: Handbókin yfirfarin og uppfærð. Lausnateymi byrjar á vinnunni og skiptir verkum meðal starfsfólks eins og þörf er á. Tillaga að uppfærði handbók fer til umsagnar fyrst til deildarstjóra og svo gerð opin öllum starfsmönnum og foreldraráði til umsagna.

Tími: Skólaárið og lokið við hana í maí 2027

Ábyrgð: Sérkennslustjóri

Mat: Gert eða ekki gert þegar farið er yfir umbótalistann vor 2027.

- Kynning á farsældinni til foreldra, barna og starfsfólks.

Leiðir: Gera áætlun um með hvaða hætti farsældin er kynnt fyrir foreldrum, nýjum foreldrum, starfsmönnum og börnum.

Tími: Búið fyrir 1. september 2026

Ábyrgð: Lausnateymið

Mat: Þegar umbótalistinn er yfirfærður vor 2027 og á lausnateymisfundum farið yfir hvort áætlunin hafi staðist vor 2027.

- Auka þekkingu starfsfólks á hvernig við getum enn frekar stutt við nemendur með íslensku sem annað tungumál.

Leiðir: Stjórnendur sækja sér fræðslu um hvernig hægt er að styðja við íslenskukunnáttu barna sem eru með annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Lögð áhersla á að deildarstjórar afli sér fræðslu á haustönn og svo komi fræðsla fyrir allt starfsfólk á vorönn.

Tími: Skólaárið 2026 til 2027

Ábyrgð: Leikskólastjóri

Mat: Í viðhorfskönnun starfsfólks vor 2027 verður spurt hvernig starfsmönnum finnst þeim takast að örva íslenskuna hjá börnum með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

- Uppfæra skólanámskrá Marbakka og bregðast við athugasemdum sem komu nýlega frá leikskóladeild.

Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri bregðast við þeim athugasemdum sem komu frá leikskóladeild vorönn 2026. Lokið var við endurskoðun á Skólanámskrá Marbakka í október 2024.

Tími: Haustönn 2026

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Mat: Gert eða ekki gert þegar farið er yfir umbótalistann.

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og vettvangur fyrir ákvarðanatökur	Allt skólaárið	Aðra hvora viku	Unnið í vinnutíma	Stjórnendur
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Endurmat á líðan og starfi hvers starfsmanns	vor 2027	30-60 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Barnæskan varir að eilífu. Sigríður Síta fyrirlesari	Auka færni starfsfólks til að byggja upp félagslega hæfni barna	1. október 2026	4 klst.	188.000	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Læsi og samskipti	Unnið með umbótaverkefni sem deildir settu sér	Allt skólaárið	Rætt á deildafundum	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Heilbrigði og vellíðan	Auka meðvitund starfsfólks með hvað felst í námssviðinu	Allt skólaárið	Rætt á deildafundum	Unnið á vinnutíma	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Skipulagsdagur	Auka virðingu barna fyrir náttúrunni	11. nóvember	30 mínútur	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Fræðsla um teymisvinnu	Efla teymisvinnu á meðal starfsfólks	11. nóvember	1 klst.	Ekki búið að ákveða hvernig fræðslan verður	Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Fagfundir	Þátttaka alls starfsfólks í umræðum um fagleg málefni	Allt skólaárið	4x á skólaárinu	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Stjórnendur	Fræðsla um vinnuálag og streitu	Stjórnendur fá fræðslu um hvernig þeir geti minnkað vinnuálag og dregið úr streitu hjá starfsfólki	Haustönn 2026	2 klst.	Ekki búið að finna fræðslu	Leikskólastjóri
Stjórnendur	Fræðsla um að styðja við íslenskukunnáttu barna sem eru með íslensku sem annað tungumál	Að stjórnendur/deildastjórar sækja sér fræðslu á haustönn og svo verði fræðsla fyrir allt starfsfólk á vorönn 2027	Haustönn og vorönn	Eftir þörfum	Ekki búið að finna fræðslu	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	40 mínútur	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk í sérkennslu	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður, samræming og upplýsingamiðlun á starfi í sérkennslu	1x í mánuði	1 klst.	Unnið í vinnutíma	Sérkennslustjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2026 - 2027

Nafn skóla: Marbakki

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1	L	1 Þ	1 F Skípuhlagsdagur	1 S	1 Þ Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F	1 L Verkalýðisdagurinn	1 Þ	1 F
2	S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M Útskriftarhátíð árgangs 2021	2 F
3	M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4	Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M Skípuhlagsdagur	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5	M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6	F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M Þvettfándinn	6 L Dagur leikskólans	6 L	6 Þ	6 F Uppfölgningardagur	6 S Sjómanna dagurinn	6 Þ Leikskóli tekur 13.00
7	F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S Dagur tónlistarskólans	7 S	7 M	7 F Skípuhlagsdagur	7 M	7 M Sumaríðkun
8	L	8 Þ	8 F Dagur læsis	8 S Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	8 F	8 M Bóludagur	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F Sumaríðkun
9	S	9 M Morgunskaffi á Læk og Lundi	9 F	9 M	9 M Jólatíðnið	9 L	9 Þ Sprengidagur	9 Þ Skípuhlagsdagur	9 F	9 S	9 M	9 F Sumaríðkun
10	M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M Óskudagur	10 M	10 L	10 M	10 F Sumarhátíð	10 L
11	Þ	11 F	11 S Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 M Skípuhlagsdagur	11 F	11 M	11 F Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 S	11 Þ Almæli Marbakka Ópöð hús.	11 F	11 S
12	M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M Sumaríðkun
13	F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ Sumaríðkun
14	F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S Dagur stærktfræðnar	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M Sumaríðkun
15	L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Sumaríðkun
16	S	16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 F	16 M Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M	16 F Sumaríðkun
17	M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M Annar í Hvítasunnu	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18	Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19	M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M Sumaríðkun
20	F	20 S	20 Þ	20 F Dagur mannvettinda barna	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Sumaríðkun
21	F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur - Upphaf Góu	21 S Palmasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M Sumaríðkun
22	L	22 Þ	22 F Skráningardagur	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur - Upphaf Þorra	22 M Skráningardagur	22 M Skráningardagur	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F Sumaríðkun
23	S	23 M	23 F Skráningardagur	23 M	23 M Þorlaksmessu	23 L	23 Þ Skráningardagur	23 Þ Skráningardagur	23 F	23 S	23 M	23 F Sumaríðkun
24	M	24 F	24 L Fyrsti vetrardagur	24 Þ	24 F Aftangadagur jóla	24 S	24 M	24 M Skráningardagur	24 L	24 M	24 F	24 L
25	Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F Skírdagur	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26	M	26 L Evrópski tungumáladagurinn	26 M	26 F	26 L Annar í jölu	26 Þ	26 F	26 F Föstudagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M Sumaríðkun
27	F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F Útskriftarhátíð árgangs 2021	27 S	27 Þ Sumaríðkun
28	F	28 M	28 M	28 L	28 M Skráningardagur	28 F	28 S	28 S Þéskadagur	28 M	28 F	28 M	28 M Sumaríðkun
29	L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ Skráningardagur	29 F		29 M Annar í Þéskum	29 F	29 L	29 Þ	29 F Sumaríðkun
30	S	30 M	30 F	30 M	30 M Skráningardagur	30 L		30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F Sumaríðkun
31	M		31 L		31 F Gamlánsdagur	31 S		31 M		31 M		31 L
Bleikur litur, viðburðir með þátttöku foreldra												
Blár litur, Skráningardagur. Skrá þarf börn í vistun þessa daga og börn mæta í safnskóla.												
Gulur, í febrúar og mars verða formleg foreldravíðtöl												

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Inngangur

Foreldraráð Marbakka skólaárið 2025-2026 er skipað sex fulltrúum og starfar samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Á grundvelli þeirra laga er hlutverk þess að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig fylgist ráðið með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Í samræmi við það veitir foreldraráð eftirfarandi umsögn um starfsáætlun skólaársins 2026-2027.

Umsögn

Starfsáætlun Marbakka fyrir komandi skólaár er ágætlega unnin. Hún er skýr og gefur gott yfirlit yfir starfsemi leikskólans á komandi skólaári. Úr henni er hægt að lesa markmið og áherslur, sem og þær leiðir sem á að fara til að ná þeim. Einnig er gert grein fyrir hvernig niðurstöður innra og ytra mats eru nýttar til umbóta.

Áhersla er lögð á lýðræði, sköpun, sjálfstæði og jákvæð samskipti til að stuðla að velliðan barnanna. Einnig má sjá að málörvun, læsi, heilsa og velliðan, inngilding og virðing fyrir náttúrunni eru meðal megináherslna í starfi skólans. Ekki síst leggur skólinn áherslu á að börnin hafi rödd og áhrif í daglegu starfi í samræmi við starfsaðferðir Reggio Emilia.

Foreldraráð telur að starfsáætlunin lýsi vel hvernig áherslupættir skólans fléttast inn í daglegt starf. Einnig hvernig unnið er að áframhaldandi þróun og umbótum með markvissum hætti. Jákvætt er að sjá að umbótaáætlun byggir á niðurstöðum mats frá fyrra skólaári og að sett séu fram skýr markmið og ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Útlitað er hvernig foreldrasamstarfi er háttáð og hvernig upplýsingagjöf til foreldra fer fram. Ýmsir möguleikar foreldra á þátttöku í starfi skólans koma einnig fram; meðal annars foreldraráð, foreldrafélag, viðhorfskannanir og foreldraviðtöl.

Starfsáætlunin lýsir líka vel hvernig mat á skólastarfi fer fram. Gerð er grein fyrir bæði innra og ytra mati, hvaða gagna er aflað og hvaða matstæki eru notuð. Þau eru svo sem viðhorfskannanir meðal foreldra, barna og starfsfólks, sjálfsmat deilda, skimanir og reglubundið endurmat á starfsháttum. Það veitir ágæta innsýn í hvernig gæðum skólastarfsins er fylgt eftir.

Að lokum má finna í starfsáætluninni yfirlit yfir starfsmannahóp leikskólans, þar sem fram koma upplýsingar um mönnun, menntun og faglega samsetningu starfsfólks. Það veitir góða mynd af þeirri þekkingu og reynslu sem býr að baki skólastarfinu.


Lokaorð:

Starfsáætlun Marbakka fyrir skólaárið 2026-2027 er vel unnin og gerir grein fyrir helstu þáttum í starfsemi skólans. Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með áætlunina.


Undirskrift foreldraráðs


Andrea Gestsdóttir


Anna Guðný Halgrímsdóttir


Birna Kristinsdóttir


Elsa María Guðlaugs Drífudóttir


Eydis Inga Valsdóttir


Hrafnhildur Aradóttir